

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 2024, sbr. lög nr. 7/2024.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2024:

- Í stað fjárhæðarinnar „200 ma.kr.“ í 1. tölul. kemur: 230 ma.kr.
- Á eftir 11. tölul. kemur nýr liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: Að endurlána allt að 12,5 ma.kr. til eignaumsýslufélags sem komið verður á fót um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavíkurbæ.

Heimildir

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2024:

Nýr liður:

5.21 Að koma á fót eignaumsýslufélagi sem fær það hlutverk að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis innan þéttbýlismarka Grindavíkurbæjar ásamt því að leggja félaginu til nauðsynlegt hlutafé til að það geti staðið undir þeim kaupum.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 2024.

Katrín Jakobsdóttir.

Birgir Ármannsson.
(L. S.)

Benedikt Bogason.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

A-deild – Útgáfudagur: 29. febrúar 2024